

NsN (LSH) starsmannaferð á Akureyri 4. – 5. Maí 2011

Málþing og fræðslur

Þann 04. og 05. Maí fóru NsN starfsmennirnir Jón Ari og Bergþór til Akureyrar til að fræða og efla notendur og starfsmenn geðheilbrigðiskerfisins þar á bæ.

04. Vorum við sóttir af Eygló Harðardóttur, virkum notanda sem skipulagði þessa heimsókn.

Fórum í Lautina kl. 10:00 þar var verið að undirbúa 50 ára afmæli eins notandans sem átti að vera um kvöldið og okkur var sagt að það yrði lokað á morgun út af málþinginu.

Við heilsuðum upp á fólkið, skoðuðum húsið og kynntumst starfseminnar en þar sem fólk ætlaði að mæta á málþingið daginn eftir þá vorum við ekki með fræðslu þar en fórum aftur á móti Hæfingarstöðina eftir að notandi í Laut benti okkur á þann vinnustað sinn. Nánar um Hæfingarstöðina á <http://skogarlundur.hlutverk.is/> Það var frábært að koma þangað.

Í hádeginu borðuðum við í Bjarkalundi og vorum með fræðslu fyrir starfsfólkið, Bergþór fræddi þau um sýna reynslu, starf fulltrúa notenda og kynnti sínar hugmyndir að bættu heilbrigðiskerfi. Jón Ari tók svo við og við fræddum þau um hans reynslu, NsN og fleira. Það gekk vel og umræðurnar voru góðar, það var að heyra á fólkinu að þeim líkaði það sem við sögðum og vildu breytingar á þjónustu heilbrigðiskerfisins.

Eftir hádegið kl. 14:00 vorum við með fræðslu fyrir notendur sem haldin var á göngudeildinni, sú heimsókn var skipulögð af Önnu Krístrúnu, iðjuþjálfara. Á fræðsluna mættu 5 notendur auk Eyglóar og eins hjúkrunarfræðings sem fékk að vera með vegna þess að hún gat ekki hitt verið daginn eftir þegar við ætluðum að fræða starfsfólkið. Þessar umræður gengu vel og við náðum að hvetja þau vel. Í lokin var rætt um hve illa gengi að halda notendahópi gangandi vegna þess að það virtist engin geta haldið utan um þetta, þá nefndi hjúkrunarfræðingurinn sem þarna var að hún væri til í að vinna með þeim að ákveðnu verkefni.

Kl. var langt gengin fjögur þegar við vorum búin þarna.

05. maí kl. 10:00 vorum við með fræðslu á göngudeildinni fyrir starfsfólk í geð- og velferðarkerfinu, þar mættu 15 – 20 manns, einhverjir komu frá Setrinu á Húsavík, <http://setrid.felagsthjonusta.nordurthing.is/>

Á þessari fræðslu var Bergþór með glærur og fór vel yfir starf fulltrúa notenda og ýmiss verkefni, síðan tók Jón Ari við og sagði frá NsN og valdeflingu. Við fræddum þau m.a. um mikilvægi góðs viðmóts í starfi á geðsviði sem gekk vel. Þarna sköpuðust líka góðar umræður og var að heyra að þau höfðu áhuga á því sem við fræddum þau um. Eftir fræðsluna kom Bernard, deildarhjúkrunarfræðingur á legudeildinni, til mín og sagði að hann myndi vilja sjá NsN könnun á sinni deild. Hann tók vel í það að fulltrúi notenda myndi einhverntímann koma á deildina til að ræða við kynna starf sitt fyrir sjúklingum. Það verður gert í næstu ferð til Akureyrar.

Fræðslan og umræðurnar tóku rúmlega 1 og hálfan tíma.

Eftir hádegið kl. 13:00 var svo málþingið „Viknimiðstöð fyrir ALLA“ „Er það málið?“

Þar vorum við með sitthvort erindið og tókum þátt í hópavinnu eftir á. Eftir málþingið var boðað til annars fundar og það er spurning hvort við mætum þá líka.